

**Sýslumaður Vesturlands**  
06 442

**Ársreikningur 2021**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Sýslumaður Vesturlands**

**kt. 660914-1100**

**Borgarbraut 2, 340 Stykkishólmi**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Sýslumaður Vesturlands er ríkisaðili í A-hluta. Um sýslumenn gilda lög nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnslu ríkisins í héraði.

Sýslumenn fara með framkvæmdarvald og stjórnslu ríkisins í héraði, hver í sínu umdæmi, eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Þar á meðal fara þeir með innheimtu opinberra gjalda, að því leyti sem hún er ekki falin öðrum.

Embætti sýslumanna heyra undir ráðherra, nú dómsmálaráðherra, samkvæmt forsetaúrskurði nr. 15/2017 um skiptingu sjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og forsetaúrskurði nr. 4/2017 um skiptingu stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 263,2 milljónir og afkoma kr. 2,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -6,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 60,5 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Sýslumanns Vesturlands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Sýslumanns Vesturlands fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Ólafur K. Ólafsson,  
sýslumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	242.300.000	257.972.826
Seld þjónusta .....	3	2.864.177	1.363.899
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	16.862.532	16.384.175
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	1.199.070	1.139.723
<b>Tekjur samtals</b>		<b>263.225.779</b>	<b>276.860.623</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	208.148.709	195.236.822
Annar rekstrarkostnaður .....	6	51.680.998	55.235.188
Afskriftir .....	7	1.199.070	1.139.723
<b>Gjöld samtals</b>		<b>261.028.777</b>	<b>251.611.733</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>2.197.002</b>	<b>25.248.890</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		0	4.584
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(17.716)	(15.820)
		<b>(17.716)</b>	<b>(11.236)</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>2.179.286</b>	<b>25.237.654</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		4.288.605	3.299.655
Aðrar eignir .....		872.000	872.000
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>5.160.605</u>	<u>4.171.655</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		0	170.120
Tengdir aðilar .....	9	45.288.372	38.305.655
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	1.491.547	1.150.590
Handbært fé .....	11	8.548.071	3.591.587
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>55.327.990</u>	<u>43.217.952</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>60.488.595</u>	<u>47.389.607</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		(6.669.797)	(8.849.083)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(6.669.797)</u>	<u>(8.849.083)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	28.533.432	21.878.546
Viðskiptaskuldir .....		5.521.761	465.960
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	28.130.595	29.222.510
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	14	4.972.604	4.671.674
<b>Skuldir samtals</b>		<u>67.158.392</u>	<u>56.238.690</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>60.488.595</u>	<u>47.389.607</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		2.179.286	25.237.654
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	1.199.070	1.139.723
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(1.199.070)	(1.139.723)
		<u>2.179.286</u>	<u>25.237.654</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(170.837)	(905.573)
Tengdir aðilar .....		(1.015.851)	(26.322.687)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		3.963.886	(10.330.406)
		<u>2.777.198</u>	<u>(37.558.666)</u>
		<u>4.956.484</u>	<u>(12.321.012)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(2.188.020)	(1.235.414)
		<u>(2.188.020)</u>	<u>(1.235.414)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		688.020	0
Fjárfestingarframlag .....		1.500.000	1.235.414
		<u>2.188.020</u>	<u>1.235.414</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		4.956.484	(12.321.012)
		<u>3.591.587</u>	<u>15.912.599</u>
		<u>8.548.071</u>	<u>3.591.587</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað / 10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að fráreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

2021 2020

### 2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins .....	242.300.000	257.972.826
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	1.199.070	1.139.723
	<u>243.499.070</u>	<u>259.112.549</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	232.200.000	0	0	232.200.000
Millifært úr varasjóð .....	1.900.000	0	0	1.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	8.200.000	0	0	8.200.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>242.300.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>242.300.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(240.120.714)	0	0	(240.120.714)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>2.179.286</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>2.179.286</b>

2021 2020

### 3 Seld þjónusta

Verksala .....	463.100	260.630
Ýmsar þjónustutekjur .....	2.401.077	1.103.269
	<u>2.864.177</u>	<u>1.363.899</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	1.587.958	1.284.241
Kostnaðarhlutdeild .....	15.274.574	14.454.326
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	0	645.608
	<u>16.862.532</u>	<u>16.384.175</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	167.190.914	157.752.440
Orlof, breyting .....	2.358.830	758.929
Launatengd gjöld .....	38.079.996	36.196.819
Starfsmannakostnaður .....	518.969	528.634
	<u>208.148.709</u>	<u>195.236.822</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	16,6	17,0
------------------------------	------	------

## Skýringar

	2021	2020
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	817.161	1.419.600
Byggingarvörur, almennar .....	12.188	5.895
Ýmis tæki og áhöld .....	287.795	157.427
Orkugjafar .....	1.482.975	1.429.519
Matvæli .....	2.468.878	1.993.787
Almennar rekstrarvörur .....	427.987	514.529
Vörukaup, almenn	5.496.984	5.520.757
Kennslu- og fönurvörur .....	0	1.985
Vörukaup, sérgreind	0	1.985
Fundir, námskeið, risna .....	640.800	117.644
Ferðir, uppihald .....	299.450	284.200
Akstur .....	1.919.118	3.014.041
Sérfræðiþjónusta .....	1.780.173	632.050
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	351.429	360.598
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	242.507	816.039
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	2.913.636	3.359.304
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	8.147.113	8.583.876
Afnotagjöld .....	1.295.502	1.799.582
Leigugjöld .....	22.530.308	22.470.052
Notkun véla og flutningatækja .....	128.306	298.332
Verkkaup .....	2.213.561	2.425.724
Kostnaðarhlutdeild .....	11.481.308	14.057.731
Áhættutap og bætur .....	318.550	0
Opinber gjöld .....	21.166	20.649
Tilfærslur .....	48.200	56.500
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	38.036.901	41.128.570
Annar rekstrarkostnaður samtals	51.680.998	55.235.188
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	1.199.070	1.139.723
	1.199.070	1.139.723

## Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

### 8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	4.288.605	3.299.655
Aðrar eignir .....	872.000	872.000
	<u>5.160.605</u>	<u>4.171.655</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021 .....	13.673.812	890.900	14.564.712
Viðbætur á árinu .....	2.188.020	0	2.188.020
	<u>15.861.832</u>	<u>890.900</u>	<u>16.752.732</u>
Afskriftir 01.01.2021 .....	10.374.157	18.900	10.393.057
Afskrift ársins .....	1.199.070	0	1.199.070
	<u>11.573.227</u>	<u>18.900</u>	<u>11.592.127</u>
Staða 31.12.2021 .....	<u>4.288.605</u>	<u>872.000</u>	<u>5.160.605</u>

31.12.2021 31.12.2020

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	45.288.372	38.305.655
	<u>45.288.372</u>	<u>38.305.655</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	28.533.432	21.878.546
	<u>28.533.432</u>	<u>21.878.546</u>

### 10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	845.811	697.340
Skattar .....	645.736	453.250
	<u>1.491.547</u>	<u>1.150.590</u>

### 11 Handbært fé

Sjóðir .....	323.123	498.368
Tékkareikningar .....	8.224.948	3.093.219
	<u>8.548.071</u>	<u>3.591.587</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 3,8 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

## Skýringar

### 12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	(8.849.083)	(34.086.737)
Afkoma ársins .....	2.179.286	25.237.654
Jöfnuður 31.12. ....	<u>(6.669.797)</u>	<u>(8.849.083)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2021	31.12.2020
<b>13 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	25.081.968	22.723.138
Önnur ógreidd gjöld .....	3.048.627	6.499.372
	<u>28.130.595</u>	<u>29.222.510</u>

### 14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	5.160.605	4.171.655
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	(188.001)	500.019
	<u>4.972.604</u>	<u>4.671.674</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021 .....	4.171.655	500.019	4.671.674
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	1.500.000	1.500.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	2.188.020	(2.188.020)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(1.199.070)	0	(1.199.070)
	<u>5.160.605</u>	<u>(188.001)</u>	<u>4.972.604</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 1,4 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

## Skýringar

### 15 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga ótímabundna um húsnæði, árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 26,3 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.